

Nd.

644. Nefndarálit

[256. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit eru frá árinu 1981 og skulu samkvæmt sérstöku ákvæði endurskoðast innan fimm ára frá gildistöku laganna. Töluvert vantar á að löggin séu komin í fulla framkvæmd og því tel ég of snemmt að gera svo afgerandi breytingar á þeim.

Því er borið við að einn hemill á framkvæmd laganna sé fjárskortur sveitarfélaganna og því mun þetta frumvarp m. a. fram komið. Enginn vafi leikur á að mjög hefur verið hert að sveitarfélögunum á síðustu árum með síauknum kostnaðartilfærslum frá ríki til sveitarfélaganna. Til þess að lagfæra þann vanda þarf að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga. Gjaldtakan, sem hér er lögð til, bjargar þar engu enda liggur ekkert fyrir um hvaða upphæðir sé um að ræða eða hvert áætlað hlutfall kostnaðar sé. Ekkert liggur fyrir um álit Vinnuveitendasambandsins, en framleiðendum er gert að greiða gjald af eftirlitsskyldri þjónustu og ekkert liggur heldur fyrir um álit samtaka neytenda sem þjónustan varðar miklu.

Mikilvægast er þó að hætta kann að vera á að samstarfi framleiðslufyrirtækjanna og heilbrigðisyfirvalda sé stefnt í hættu með fyrirhugaðri gjaldtöku og færi svo er undirstaða laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit veikt mjög. Ég get því ekki fallist á að taka þá áhættu fyrir svo óljósar tekjur sveitarfélaganna þegar innheimtukostnaður er dreginn frá og legg til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Guðrún Helgadóttir.